


Hvalfjarðarsveit
Guðmundur Daníelsson,
verkefnastjóri
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. desember 2013
Tilvísun: UST20131100151/bs

Lögn ljósleiðara á heimili, fyrirtæki og sumarhús á vegum sveitarfélagsins Hvalfjarðarsveitar um sveitarfélagið. Umsögn

Vísað er til bréfs sveitarfélagsins Hvalfjarðarsveitar dags. 15. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um er að ræða lagningu ljósleiðara um sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit. Lagnaleiðin er alls um 165 km löng. Í framkvæmdinni felst að plægð eru niður plaströr ýmist 20 mm eða 14 mm sem ljósleiðarastreng er síðan blásið í.


Á korti sem fylgdi umræddu erindi er strengleiðin sýnd. Hún fylgir að lang mestu leyti þeim vegum sem liggja um sveitarfélagið. Þar sem vikið er frá vegum er víðast farið yfir ræktað land. Strengleiðin virðist nánast hvergi fara yfir óraskað land.


Í framkvæmdinni felst að plægð eru niður grönn plaströr með jarðýtu. Grafa mun fylgja ýtunni og slétta plógfarið jafn óðum. Lagnaleiðin virðist að mestu vera á grónu landi og ættu ummerki um framkvæmdina að hverfa fljótt þar sem land er vel gróið.

Þótt strengleiðin sé nokkuð löng fylgir plægingu ljósleiðara yfirleitt lítið jarðrask ef vel er að verki staðið. Hér verður að mestu farið um land sem þegar hefur verið raskað við vegagerð og ræktun. Ummerki um framkvæmdina ættu að hverfa fljótt.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða ljósleiðaralögn.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur